

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes.

28. nóvember 2022,
9. fundur, fundargerð

Mánudaginn 28. nóvember 2022 var haldinn 9. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) og hófst hann kl. 16:30.

Eftirtaldir aðalmenn voru boðaðir á fundinum, Linda Hrönn Þórisdóttir, Ingibjörg Hauksdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein, Bjarni Ingimarsson, Gnýr Guðmundsson og Svanur Karl Grétarsson. Eftirtaldir starfsmenn voru á fundinum, Hörður Þorsteinsson, Ríkhartur F. Friðriksson, Þóra Dögg Jörundsdóttir og Árni Davíðsson.

1 Skipulagsmál

1.1 Umsögn um skipulagslýsingu, breyting á Aðalskipulagi Hraun-vestur. Hafnarfjörður.

Lagt fram erindi skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar frá 9. nóvember þar sem óskað var umsagnar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingartillagan nær til s.n. Hraun-vestur reits, skipulagslýsing. Með erindinu fylgdi skipulagslýsingin dagsett 23.8.2022.


Heilbrigðisnefnd leggst ekki gegn áformaðri breytingu á Hraun vest reitnum í Hafnarfirði þar sem gert er ráð fyrir töluverðri íbúðabyggingu í vönduðu búsetumhverfi en einnig með skilyrtum möguleikum fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi.

Nefndin leggur áherslu á að við skipulag svæðisins og í deiliskipulagi fyrir einstaka reiti, verði sérstaklega gætt að nálægð hverfisins við tvo megin samgönguása þ.e. Reykjavíkurveg og Fjarðarhraun. Tryggja þarf góða hljóðvist, almenn loftgæði, umferðaröryggi gangandi og hjólandi og tryggja leiðir skólabarna. Þá minnir nefndin á mikilvægi þess, að við byggingu húsa þar sem gert er ráð fyrir bæði atvinnustarfsemi og íbúðum, verði tryggð aðgreining íbúðarhlutans frá atvinnurýmum. Að við hönnun verði strax tryggð góð hljóðvist íbúða og möguleikar til að lágmarka líkur á lyktarmengun.

1.2 Hamranes M3 - breyting á aðalskipulagi.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 23. nóvember 2022 að auglýsa skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar í samræmi við 1. mgr. 30. gr. og 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að íbúðamagn á svæði mun aukast um 400 íbúðir frá gildandi skipulagi og verða því alls um 1900 íbúðir á reitnum auk þess sem gert verður ráð fyrir heilsugæslustöð og hjúkrunarheimili með 80 þjónustueiningum. Að öðru leiti gildir texti í gildandi aðalskipulagi



Heilbrigðisnefnd leggst ekki gegn áformaðri breytingu.

1.3 Umsögn um Áætlun um loftgæði 2022-2033.

Umhverfisstofnun óskaði 12.10.2022 umsagnar heilbrigðisnefndar um endurskoðaða áætlun um loftgæði á Íslandi. Áætlunin er gefin út til 12 ára í senn en er endurskoðuð á fjögurra ára millibili. Á síðasta fundi var framkvæmdastjóra falið að ganga frá umsögn í samræmi við umræður á fundinum. Umsögin er lögð fram til kynningar.

Heilbrigðisnefnd tekur undir megin markmið í loftgæðamálum eins og þau eru sett fram í drögum að endurnýjaðri áætlun um loftgæði fyrir árin 2022 til 2033. Mikilvægt er að halda áhrifum loftmengunar á heilsu manna sem minnstum og stuðla að því að almenningur á Íslandi hafi aðgang að hreinu og heilnæmu andrúmslofti og að almenningur hafi jafnan sem greiðastan aðgang að upplýsingum um loftgæði.

1.4 Umsögn um matsáætlun Coda Terminal.

Með erindi dagsettu 7. nóvember 2022 óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn heilbrigðisnefndar um matsáætlun Coda Terminal með vísan til 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og 12. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Með erindi Skipulagsstofnunar fylgdi greinargerð, Matsáætlun – Coda Terminal, dagsett 3.11.2022, gerð af verkfræðistofunni Eflu og Carbfix ohf. sem undirbýr framkvæmdir í Straumsvík við gerð móttöku- og geymslustöðvar fyrir CO₂.

Heilbrigðisnefnd lýsir almennri ánægju með framkomin áform um að reyna að binda CO₂ í berg eins og lýst er í matsáætlun. Hlýnun jarðar kallar bæði á að dregið verði stórlega úr losun gróðurhúsalofttegunda og að virkjaðar verði leiðir til að fanga og binda CO₂ í útstreymi iðjuvera. Heilbrigðisnefnd minnir þá á, sem standa að áformaðri framkvæmd, að í lok ísaldar var strandlengjan á svæðinu ofar í landinu eða við Undirhlíðar, en fjörðurinn fylltist smátt og smátt upp í núverandi mynd í ótal hraungosum og við landris. Bergið er allt frá nútíma og er mjög gropið. Grunnvatn sem flæðir til sjávar myndar ferskvatnslag er flýtur á sjó sem teygir sig langt undir hraunið og á mörkum þessara strauma er væntanlega að finna ísalt lag. Á þessu tímasteiði frá ísöld hefur þróast í tjörnum og við ströndina viðkvæmt en mjög sérstakt vistkerfi. Einkennisdýr þess er hin sérstæða dvergbleikja sem þar þrífst. Skipulag vatnstöku Cod Terminal verður að vera með þeim hætti að röskun á vistkerfi verði sem minnst. Þennan þátt þarf að fjalla um í umhverfismati. Ein megin forsenda staðarvals Coda Terminal er gott aðgengi að ríkulegu grunnvatni. Af matsáætlun má ráða að fyrirtækið hyggst nýta verulega stóran hluta grunnvatnsflæðis á svæðinu. Vísindamenn hafa áætlað magn grunnvatns sem streymir til sjávar en ekkert mat liggur fyrir um hversu hátt hlutfall þess flæðis sé hægt að fanga og enn síður með hvaða hætti og hversu mikið magn er hægt að nýta án þess að skaða vistkerfið varanlega. Um þennan þátt þarf að fjalla í umhverfismati.

Í umhverfismati verður að gera ítarleg greiningu á möguleikum í að endurheimta og endurnota það vatn sem þegar hefur verið nýtt til að ferja CO₂ niður í neðri jarðlög til að draga megi sem mest úr hugsanlegum umhverfisáhrifum vatnstökunnar.



Heilbrigðisnefnd hvetur framkvæmdaraðila til að láta niðurstöður rannsókna á ofangreindum þáttum stýra hraða og umfangi verkefnisins.

2 Rekstrarmál

2.1 Fjárhagsáætlun 2023 og gjaldskrár fyrir árið 2023.

Fjárhagsáætlun og greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2023, ásamt gjaldskrár vegna heilbrigðiseftirlits og hundahalds vegna ársins 2023 hafa verið lagðar fyrir og samþykktar af bæjarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaga heilbrigðiseftirlitsins.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að auglýsa gjaldskrár fyrir heilbrigðiseftirlit og hundahald í Stjórnartíðindum.

2.2 Samþykktir um hundahald

Tillaga að samræmdum samþykktum um hundahald hafa verið lagðar fyrir til samþykkis hjá ráðherra í samræmi við 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og voru þær samþykktar með smávægilegum orðalagsbreytingum

Framkvæmdastjóra er falið að ganga frá samþykktunum í samræmi við orðalagsbreytingar frá ráðherra og koma þeim til sveitarfélaganna til birtingar. Jafnframt verði nýjar samþykktir kynntar meðal íbúa sveitarfélaganna þegar samþykktirnar hafa tekið gildi.

3 Önnur mál

3.1 Reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur.

Reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022 tók gildi þann 15. nóvember. Reglugerðin kveður á um skráningu tiltekins atvinnurekstrar í miðlæga rafræna gátt í stað starfsleyfisskyldu og er markmiðið að bæta viðmót, einfalda aðgengi að stjórnýslu og auka skilvirkni. Reglugerðin gildir um 47 atvinnugreinar sem koma fram í viðauka. Rafræn gátt reyndist ekki alveg tilbúin í upphafi og hefur kerfið ekki virkað að fullu í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi sendu inn áskorun til ráðuneytis Umhverfis- og orkumála og Umhverfisstofnunnar um að fresta gildistöku reglugerðarinnar þar til búið væri að leysa tæknimál og miðlæg rafræn gátt væri tilbúin. Ekki var tekið undir þá áskorun og reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur tók gildi þann 15. nóvember sl. Nú þann 28. nóvember er miðlæg gátt ekki enn tilbúin og hlýst af því mikið óhagræði fyrir rekstraraðila. Heilbrigðisnefnd hvetur Umhverfisstofnun til að leggja ríka áherslu á að koma þessum málum í viðunandi horf sem fyrst.

3.2 Viðbrögð við kvörtunum vegna hávaða frá verslun.

Eigendur íbúðar við Hjallabrekku í Kópavogi hafa ítrekað leitað til heilbrigðiseftirlits vegna stöðugs ónæðis sem þeir hafa orðið fyrir vegna hávaða frá kælipressu matvælaverslunar í sama húsnæði. Mælingar eftirlits hafa sýnt að hávaði innan dýra í íbúðinni er vel yfir mörkum reglugerðar. Gerðar

hafa verið kröfur á eigendur verslunarinnar um lausnir. Verslunin hefur gripið til ýmissa aðgerða sem ekki hafa skilað tilætluðum árangri.

Heilbrigðisnefnd hefur farið yfir gögn máls og staðfestir kröfu heilbrigðiseftirlits. Heilbrigðisnefnd beinir því til fyrirtækisins að það hætti notkun á núverandi kælipressu eins fljótt og kostur er og eigi síðar en þann 10. desember 2022. Nefndin minnir einnig á að sú lausn sem fyrirtækið velur í þess stað verður að uppfylla ákvæði reglugerðar um hávaða.

4 Starfsleyfi og umsagnir

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 2. nóvember 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.1 Kaplahraun 14-16, Hafnarfjörður – verkstæði

Lögð fram umsókn Ólafs Ormssonar f.h. Vélsmiðja Orms og Víglundar ehf., kt.480998-2789, dags. 25.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir alhliða vélaverkstæði og járnsmiðju að Kaplahrauni 14-16, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2076800. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 26.10.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.2 Selhella 1, Hafnarfjörður – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Bryndísar Bjarkar Ásmundsdóttur f.h. Samkaup hf (Nettó) kt. 571298-3769, dags. 21.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun að Selhelli 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2330563. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 02.11.2022.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 05.10.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 31.10.2022. *Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

4.3 Álfkonuhvarf 17 – Kópavogur - Leikskóli

Lögð fram umsókn Sigurlaugar Bjarnadóttur f.h. Kópavogsbæjar kt.700169- 3759, dags. 23.10.2022, þar sem sótt er um breytingu á húsnæði fyrir leikskólann Álfkonuhvarfi 17, Kópavogi. *Mat heilbrigðisnefndar er að umrædd breyting rúmist innan núgildandi starfsleyfis sbr. 12. gr. rg. um hollustuhætti.*

4.4 Engihjalli 8, Kópavogur– húðflúrstofa

Lögð fram umsókn Egils Björgvinssonar f.h. Vatican Art Studio, kt. 640417-1020, dags. 11.10.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir húðflúrstofu að Engihjalla 8, Kópavogi. Fasteignanr. F2247012 Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla 25.10.2022.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 12.10.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 01.11.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Umsóknir um tóbaksleyfi sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

4.5 Selhella 1, Hafnarfjörður – matvöruverslun

Lögð fram umsókn fyrir Nettó, kt. 571298-3769, dags. 21.09.2022 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir matvöruverslun að Selhelli 1, Hafnarfirði.

Eftirlitsskýrsla dags. 02.11.2022.

Leyfisveiting staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 9. nóvember 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísun til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.6 Hólmatún 15, Garðabær– dreifing matvæla

Lögð fram að nýju umsókn Eggerts Hannessonar f.h. EH22 slf., kt. 590521-2130, dags.24.10.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla frá vöruhótel. Lögheimili að Hólmatúni 15, Garðabæ. Ný starfsemi. Dreifing frá vöruhótel.

Eftirlitsskýrsla dags. 04.11.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

4.7 Miðhraun 22, Hafnarfjörður – matvælavagn

Lögð fram umsókn Páls Ágústssonar f.h. Pop Up Pizza., kt.650822-0640, dags. 23.10.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælavagn með aðstöðu að Miðhrauni 22, Garðabæ. Fasteignanr. F2247220. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 09.11.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

4.8 Einhella 6, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Ágústssonar f.h. Vík verkstæði ehf., kt. 540915-0670, dags. 13.10.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bifreiðaverkstæði að Einhelli 6, Hafnarfirði.

Fasteignanr. F2369662. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 09.11.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.9 Auðbrekka 4, Kópavogi – Veisluþjónusta

Lögð fram umsókn Guðrúnar Karólinu Pétursdóttur kt.051270-4449, dags. 04.8.2022, f.h. Smurbrauðsstofu Sylvíu ehf. kt. 470300-2050 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veisluþjónustu í Auðbrekku 4 í Kópavogi. Fasteignanr. F2058809. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 03.11.2022.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 10.08.2022. Neikvætt svar byggingafulltrúa dags.10.08.2022.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er mælt með samþykkt starfsleyfis til eins árs, meðan unnið er að því að uppfylla kröfur byggingafulltrúa.

4.10 Kársnesbraut 110, Kópavogur – Bónstöð

Lögð fram umsókn Ólafs Axels Kárasonar kt.111091-2429 f.h. O.K. Bón ehf., kt. 560119-1510 dags. 18.08.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bónstöð, þ.e. slípa og setja keramik húð á bifreiðar að Kársnesbraut 110 (fyrir neðan hús), Kópavogi. Fasteignanr. F22154. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 26.08.2022.

Bréf sent til byggingafulltrúa dags. 24.08.2022. Jákvætt svar dags. 7.11.2022.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á íbúðasvæði.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er mælt með samþykkt starfsleyfis til 4 ára.

4.11 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Bernódusar Óla Einarssonar f.h. Plant Kaffi ehf., kt. 490321-2330 dags. 16.10.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 01.11.2022.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

4.12 Nýbýlavegur 14, Kópavogur – meindýraeyðing

Lögð fram umsókn Þorsteins Vals Baldvínssonar f.h. Vottun og Varnir Slf., kt. 431022-0790 dags. 27.10.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir meindýraeyðingu og meindýravarnir að Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Fasteignanr. F2064405. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 7.11.2022

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 31.10.2022. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 01.11.2022.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á athafnasvæði.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til eins árs, meðan unnið er að kröfum byggingafulltrúa.

4.13 Smáratorg 1, Kópavogur– hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Þorsteins Ágústssonar f.h. Barbarinn ehf., kt. 410719-0880, dags. 01.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hársnyrtistofu að Smáratorgi 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2237876. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 08.11.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.14 Við Suðurströnd, Seltjarnarnes – leikskóli

Lögð fram umsókn Baldurs Pálssonar f.h. Seltjarnarnesbæjar kt. 560269-2429, dags. 21.09.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir leikskólann Mánabrekka við Suðurströnd, Seltjarnarnesi.

Fasteignanr. F2228473. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 10.10.2022.

Samkvæmt aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar, er starfsemin á svæði fyrir þjónustustofnanir.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 16. nóvember 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.15 Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfjörður – matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Einars Þórs Hjartarsonar f.h. Sjávarbúrið ehf., kt.710321-1830, dags. 13.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2076188. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla 11.11.2022

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.16 Stapahraun 4, Hafnarfirði – framleiðslueldhús

Lögð fram umsókn Önnu Maríu Sigurðardóttur f.h. Siguranna ehf., kt.680322-1200, dags.

07.10.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslueldhús að Stapahrauni 4, Hafnarfirði.

Fasteignanr. F2079292.

Eftirlitsskýrsla dags.14.11.2022

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 23.11.2026.

4.17 Boðaping 9, Kópavogur– hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Önnu Rósu Bjarnadóttur kt. 030260-2289 f.h. Hárgreiðslustofa Önnu Rósu, dags. 04.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hárgreiðslustofu í félagsmiðstöð aldraðra að Boðapingi 9, Kópavogi. Fasteignanr. F2299397. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 15.11.2022

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.18 Bryggjuvör 3, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Einars Sindrasonar, f.h. Bílasport ehf., kt. 540113-1140, dags. 10.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bifreiðaverkstæði að Bryggjuvör 3, Kópavogi. Fasteignanr. F2061129. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.08.2022

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfis til 4 ára.

4.19 Hagasmári 1, Kópavogur – matvælavinnsla

Lögð fram umsókn Auðar Agnar Árnadóttur, f.h. 17 sortir ehf., kt. 420615-1320, dags. 25.10.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir 17 sortir ehf., framleiðsla og þökkun matvæla í Hagkaup Smáralind Hagasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2227650. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.11.11.2022.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.20 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Bernadett Varga kt. 211088-4439 dags. 24.10.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.10.11.2022
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

4.21 Háholt 13, Mosfellsbær – ísbúð

Lögð fram umsókn Gunnars Más Þráinssonar, f.h. Ísbúð Huppu., kt. 530515-1920, dags. 27.10.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir ísbúð að Háholti 13, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2291517. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 03.11.2022.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 2.11.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 16.11.2022
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.22 Thorsplan, Hafnarfjörður – jólaþorpið

Lögð fram umsókn Andra Ómarssonar f.h. Hafnarfjarðarbæjar kt. 590169-7579, dags 19.09.2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir útimarkaði í sölubásun í tengslum við jólaþorpið á Thorsplani í Hafnarfirði, frá 18. nóvember – 23. desember. 2022.
Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn um tímabundið leyfi.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

4.23 Kaplakriki, Hafnarfjörður, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 09.11.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kvennaskólans í Reykjavík kt. 650276-0359 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir 1200 ungmenni þann 24.11.22 frá kl.22:00-01:00 í tilefni af skóladansleik sem fram fer í Íþróttahúsi Kaplakrika Hafnarfirði.
Jákvæð umsögn staðfest.



4.24 Kaplakriki, Hafnarfjörður, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 11.11.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Verslunarskóla Íslands kt. 441079-0609 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir 1200 ungmenni þann 01.12.22 frá kl.21:00-01:00 í tilefni af skóladansleik sem fram fer í Íþróttahúsi Kaplakrika Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn staðfest.

4.25 Kaplakriki, Hafnarfjörður, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.11.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Paxal ehf., kt. 571213-0520 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi þann 17.12.2022 frá kl.19:00-23.30 vegna tónleika sem fram fara í Íþróttahúsi Kaplakrika Hafnarfirði.

Áætlaður gestafjöldi er 2700 manns

Jákvæð umsögn staðfest.

4.26 MK – bílaleiga, gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.09.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. M.K. Bílaleiga ehf., kt. 640502-4440 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II, að Látraströnd 54, Seltjarnarnesi. fnr.206-7528.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. með gildistíma til 01.02.2028.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 23. nóvember 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.27 Bæjarlind 2, Kópavogur– hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Karenar H. Theodórsdóttur f.h. Klippistofan,(Klippistofa Jörgens ehf) kt. 580705-0810, dags. 14.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hárgreiðslustofu að Bæjarlind 2, Kópavogi. Fasteignanr. F2240399. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.11.2022

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.28 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Ívars Arnar Hansen f.h. Helvítis ehf., kt. 571122-0140 dags. 16.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemi fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 21.11.2022.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

4.29 Nýbýlavegur 18, Kópavogur – ísbúð

Lögð fram umsókn Enok Jóhannssonar f.h. Bláfoss ehf., (Ísbúðin Yoyo), kt. 620922-0130 dags. 08.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir ísbúð að Nýbýlavegi 18, Kópavogi. Fasteignanr. F2064410. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 21.11.2022.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á athafnasvæði.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.30 Skemmuvegur 44m, Kópavogur – réttinga- og bílasprautun

Lögð fram umsókn Guðmundar Bjarna Pálmasonar f.h. Bílar og tjón ehf., kt. 600605-0890, dags. 31.10.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir réttinga- og bílasprautun að Skemmuvegi 44m, Kópavogi. Fasteignanr. F2064918. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.01.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

4.31 Smiðjuvegur 74, Kópavogur – Myndlistaskóli

Lögð fram umsókn Erlu Huldar Sigurðardóttur f.h. Myndlistarskóla Kópavogs kt. 411091-1129, dags. 16.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir myndlistarskóla að Smiðjuvegi 74, Kópavogi. Fasteignanr. F2273854. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.11.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.32 Ögurhvarf 2, Kópavogur – matsölustaður

Lögð fram umsókn Atla Jónssonar, f.h. Borgarnesti ehf., kt. 550988-1009, dags. 13.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matsölustað að Ögurhvarfi 2, Kópavogi. Fasteignanr. F2288587. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.11.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.33 Sólvangsvegur 2, Hafnarfjörður – hæsnahald á hjúkrunarheimili

Lögð fram beiðni Höllu Thorodssen f.h. Sóltúns öldrunarþjónustu ehf., kt. 650310-0710, dags. 11.11.2022 þar sem sótt er um leyfi til að halda hænur á heilbrigðisstofnun skv. 19. gr. rg. um hollustuhætti, að Sólvangsvegi 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Fasteignanr. F2076502.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.11.2022.

Starfsemin hefur leyfi samkvæmt samþykkt um hæsnahald í Hafnarfjarðarkaupstað til hæsnahalds á útsvæði dagdeildar að Sólvangi til 30.10.2027.

Með vísun til 19. gr. rg. um hollustuhætti er mælt með samþykkt leyfis í 5 ár.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

4.34 Breiðumýri, íþróttahús Álftanes, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 17.11.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Lionsklúbbsins Álftanesi kt. 690385-0669 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir samkomu þann 23.12.2022 frá kl.11:00-22:00. Gestafjöldi 300 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

4.35 Hlíðasmári 13, Kópavogur - gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 22.11.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hótel Ísland Comfort, f.h. Island ProHotels ehf. kt. 650121-1980 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í Flokki IV–A Hótel–A Hótel í fl. IV.

Eftirlitsskýrsla dags.14.11.2022

Jákvæð umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 28.09.2022

4.36 Ögurhvarf 2, Kópavogur – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 11.10.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Borgarnesti ehf., kt. 550988-1009, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II að Ögurhvarfi 2, Kópavogi. fnr.228-8587.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.11.2022.

Jákvæð umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 23.11.2022


Linda Hrönn Þórisdóttir


Svanur Karl Grjetarsson


Ingibjörg Hauksdóttir


Bjarni Ingimarsson


Hannes Tryggvi Hafstein


Gnýr Guðmundsson